

11. desember 1997

Til allsherjarnefndar Alþingis

Sem dómari við Hæstarétt átti ég hlut að umsögn hinn 4. þ.m. til háttvirtrar allsherjarnefndar um frumvarp til laga um dómstóla, er réttinum var kynnt með erindi nefndarinnar 6. f.m. Er ég eindregið fylgjandi efni þeirrar umsagnar, sem allt lýtur að grundvallarþáttum í skipan dómsvaldsins, og ætla ekki að reyna að bæta um það með bréfi þessu. Hins vegar náði umræðan um frumvarpið til nokkurra fleiri atriða, sem þóttu síður mikilvæg eða skoðanir voru skiptari um. Er það einkum eitt þeirra, sem ég vildi hér gera að umræðuefni.

Um er að ræða 1. mgr. 7. gr. frv., sem fjallar um fjölda dómara í hverju máli fyrir Hæstarétti og ætlað er að koma í stað 1. - 2. mgr. og fyrsta málsliðar 3. mgr. 3. gr. laga nr. 75/1973. Er þar gert ráð fyrir rýmkun á gildandi heimildum til þess, að þrír dómarar skipi dóm, og tel ég það ekki varhugavert í sjálfu sér. Á framsetningunni er hins vegar sá hængur, að sú vísbending eða regla 1. mgr. 3. gr. laga nr. 75/1973, að Hæstiréttur sé dómstóll fimm dómenda að undirstöðu til, kemur ekki lengur fram í lagatextanum. Ég hef hingað til litið svo á, að í samræmi við þessa reglu eigi rétturinn að hafa það að markmiði, að fimm dómarar dæmi sem flest áfrýjunarmál, eftir því sem afkastþörf vegna málafjölda leyfir á hverjum tíma. Á ég bággt með að trúá því, að almenningur í landinu gæti sætt sig við, að horfið yrði frá þessu markmiði, en það væri unnt eftir texta frumvarpsins, eins og hann er nú úr garði gerður. Að mínu mati er mjög mikilvægt að bæta úr þessu, og virðist mér auðvelt að gera það án röskunar á þeirri meginstefnu, sem fylgt er í frumvarpstextanum.

Minnsta breyting í þá átt, sem hér um ræðir, gæti verið fólgin í umorðun fyrri hluta 1. mgr. 7. gr. frv. á þessa leið:

HJÖRTUR TORFASON


“Fimm dómara við Hæstarétt taka hverju sinni þátt í meðferð máls fyrir dómi, nema forseti mæli fyrir á annan veg. Forseti getur ákveðið að þrír dómara skipi dóm. Í sérlega mikilvægum málum getur forseti einnig ákveðið að sjö dómara skipi dóm. Þá getur forseti ...” o.s.frv.

Ég leyfi mér eindregið að vona, að háttvirt allsherjarnefnd telji fært að gera breytingu af þessu lagi á orðan 1. mgr. 7. gr. frv., auk þess að taka á þeim atriðum, sem umsögn Hæstaréttar nær til.

Um annað orðalag II. kafla frv. hefur mér einkum komið í hug, að orðin “eða hefur verið” í 2. mgr. 4. gr. mættu falla brott, auk þess sem rétt væri að bæta þar inn orðinu “sambúð”, þannig að textinn yrði á þessa leið: “... sem er í hjúskap eða sambúð við dómara ...”.

Í 3. tölul. 1. mgr. sömu greinar væri einnig heppilegt að nota orðið “hraustur” eða “heilbrigður” í stað orðanna “á sig kominn”, sem hafa óþarflega víðtæka skírskotun.

Virðingarfyllst,



Hjörtur Torfason